

GÓÐUR FRÆNDI

Einhverju sinni, er ég fann að máli Guðmund Gamalíelsson, sagði hann mér, að þar hefði verið maður nýkominn frá Vesturheimi, og beðið um 20 eintök af Nýal, til að senda vinum og frændum vestur þar. Þetta þótti mér, eins og geta má nærri, merkilegur maður, og ekki versnaði, þegar ég fékk að vita, að maðurinn er Sigurjón Ósland, frændi minn. Er sú frændsemi í föðurætt. Kom mér í hug, að ef margir væru frændurnir slíkir, þá væri ekki erfitt að vera vísindamaður, jafnvel hér á Íslandi, þar sem er háskóli, sem of lítið hirðir um vísindamenn, og þjóð, sem of lítið hirðir um háskóla.

Sigurjón er nú farinn að eldast, kominn um sextugt, en svo leist mér á hann, sem muna mundi um handtök hans ennþá. Og segja má um hann líkt og um Pál Erlingsson, að á slíkum má sjá, hvernig góður drengur er á svipinn.

Þegar Sigurjón fór til Vesturheims, tók hann sér nafn eftir jörð þeirri við Skagafjörð, sem hann hafði búið á, og annars er ættaróðal vorra fyrri frænda. Voru þeir sumir frægir menn, eins og Bjarni Sturluson, sem ávann sér hershöfðingjasprota úr fílabeini, fyrir framögöngu sína í orrustum gegn Svíum. Hafa Danir, eins og kunnugt er, sjaldan sigrað Svíá í landorustum, nema í þeim ófriði (1563—70). Var Bjarni í lífvarðarliði Friðriks konungs annars, er sjálfur var í orustum, og valdi mjög menn til fylgdar við sig; og mun konungur sjálfur hafa gefið Bjarna sprotann, en hann er í ættartölubókinni kallaður marmarastafur. — Bjarni hafði svo miklar mætur á sprota þessum, að hann lét grafa hann með sér. Frá þessu hefir sagt Jón Espólín, en fróður maður, Pjetur Zóphóníasson, benti mér á þá frásögn.

1. tbl. 24. ágúst '24.